

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 8. maí 2013 í máli nr. S-33/2013:

Ákærvaldið

(Jón Einarsson fulltrúi)

gegn

Jökli Á. Ragnarssyni

(Jóhann Karl Hermannsson hdl.)

Mál þetta höfðaði lögreglustjórinn í Borgarnesi með ákæru 8. mars 2013 á hendur ákærða, Jökli Á Ragnarssyni, kt. ..., Miðtúni 48 í Reykjavík. Málið var dómtekið 15. apríl 2013.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfarnótt miðvikudagsins 25. janúar 2012, ráðist á ... kt. ..., með eftirfarandi hætti:

1. Er hann var staddur á Bollakoti 2 Bifröst, ráðist á ..., sem þar var stödd í partíi, og sparkað í andlitið á henni.
2. Síðar sömu nótt, er hann var staddur á Útgarði 1 Bifröst, en þangað hafði ... farið með honum, ráðist á ... og slegið hana og sparkað ítrekað í andlit hennar, hendur og líkama.
3. Síðar sömu nótt, er hann var staddur við heimili ... að Bjarkarhrauni 2 Bifröst, en þangað hafði hann komið og óskað eftir að fá að tala við ... og hún opnað fyrir honum, ráðist á ... og slegið hana.

Afleiðingar ofangreindra árasa eru þær að ... fékk áverka á vinstri hönd, mar víða á líkamann, áverka á hnakka, áverka á kjálka og 5 brotnar tennur. Áverkum ... er nánar lýst í áverkavottorði dags. 11.04.2012. Þar segir að hana verki í kjálka beggja vegna og finni til þegar hún bitur saman tennur, hún sé með hausverk og finni fyrir ógleði, og verki í úlnliði beggja vegna, hægri öxl og vinstri olnboga. Þá er hún með 3-4 cm stóran marblett aftan á hægri öxl, mar á ofanverðum upphandlegg, mar og bólgu á vinstri úlnlið, aumvið þreifingu yfir hálsvöðvafestum

og kúlu aftan á hnakka hægra megin. Tannáverkunum er sérstaklega lýst í áverkavottorði tannlæknis dags. 27.03.2012 þannig að eftirfarandi fimm tennur hafi brotnað: +4 mesialt, +5 mesialt, -1 og -2 incisalt og 1- mesialt.

Telst þetta varða 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu eru gerðar þessar bótakröfur:

a) Þorbjörg I. Jónsdóttur hrl. fyrir hönd ... kt. ..., gerir kröfu sem hér segir:

...

F.h. umbjóðanda míns ... kt. ..., Bifröst nemendabústaðir, 311 Borgarnesi, er hér með gerð eftirfarandi krafa um greiðslu skaðabóta úr hendi Jökuls Ástþórs Ragnarssonar, kt. 190982-3199, [...], vegna líkamsárásar aðfarnótt 25. janúar síðastliðinn.

Sundurliðun skaðabótakröfu:

Líkamstjón vegna tannbrots	kr. 610.000
Miskabætur	kr. 2.000.000
Þjáningabætur	kr. 60.000
Útlagður lækniskostnaður	kr. 23.000
Lögmannskostnaður	<u>kr. 125.500</u>

Samtals kr. 2.818.500.-

Þá er gerð krafa um vexti á höfuðstól kröfunnar skv. 16. gr. skaðabotalaga nr.

50/1993 frá 25. janúar 2012 fram til 15. maí 2012 og dráttarvexti á höfuðstól kröfunnar frá þeim degi til greiðsludags skv. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Gerður er fyrirvari um aðra og breytta kröfugerð vegna málsins ef í ljós kemur frekara tjón hjá umbjóðanda mínum.“

Af hálfu ákærvaldsins hefur verið fallið frá þeim lið í ákæru töluliðs 2 að ákærði hafi sparkað ítrekað í andlit brotabóla. Að því gættu hefur ákærði fyrir dómi skýlaust játað að hafa framið þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæru og er

játning hans studd sakargögnum. Eru því efni til að leggja dóm á málið samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brotin, sem réttilega er fært til refsilaga í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki mál á sakaskrá sem hefur áhrif á ákvörðun viðurlaga.

Við ákvörðun refsingar er þess að gæta að líkamsárásin, sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir, var hrottaleg og af áverkum má ráða að ákærði beitti miklu afli og beindist árásin að höfði brotþola. Að þessu gættu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu brotþola, ..., er í ákæru gerð skaðabótakrafa á hendur ákærða. Ákærði hefur fallist á bótaskyldu, en mótmælir fjárhæð kröfunnar. Krafa um sjúkra- og tannlæknakostnað er studd reikningum samtals að fjárhæð 30.580 krónur og verður sá liður kröfunnar tekinn til greina. Þótt brotþoli hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna þeirra áverka sem ákærði veitti henni verður ekki með vissu ráðið af gögnum málsins umfang tjóns hennar að þessu leyti. Þá hefur brotþoli engin gögn lagt fram í málinu sem renna stoðum undir kröfu hennar um bætur fyrir þjáningar. Að þessu gættu er krafa um bæði tannlæknakostnað og þjáningarbætur svo vanreifuð að vísa verður henni frá héraðsdómi.

Þá verður ákærða gert með vísan til 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, að greiða brotþola miskabætur, sem þykja að öllum atvikum virtum hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Einnig verður fallist á vaxtakröfu brotþola þannig að vextir reiknist frá 25 janúar 2012 til 27. september 2012, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, en þá var mánuður liðinn frá því krafan var kynnt ákærða, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Loks verður ákærða með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 gert að greiða sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvalds en málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola samkvæmt ákvörðun dómsins. Þær greiðslur þykja hæfilega ákveðnar að meðtöldum virðisaukaskatti svo sem greinir í dómsorði. Jafnframt verður ákærða gert að greiða ferðakostnað verjandans.

Allan V. Magnússon, dómstjóri, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Jökull Á. Ragnarsson, sæti sex mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum

Ákærði greiði ... 630.580 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 25. janúar 2012 til 27. september 2012, en

dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 662.733 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Jóhanns Karls Hermannssonar, hdl., 166.288 krónur, og ferðakostnað verjandans, 19.625 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns, Þorbjargar I. Jónsdóttur, hrl., 456.820 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti vegna starfa hennar við að halda fram kröfunni fyrir dómi. Um þóknun réttargæslumanns vísast til 48. gr., 216. gr. og 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Allan V. Magnússon